

REGLUR

um húsnæði vinnustaða.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið og skilgreiningar.

1. Reglur þessar gilda um vinnustaði sem falla undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Reglurnar gilda þó ekki um byggingarvinnustaði, jarðefnavinnslu eða aðra hliðstæða vinnustaði og flytjanlegt starfsmannarými.
2. Í reglum þessum merkir *vinnustaður* það húsnæði innan athafnasvæðis fyrirtækis sem ætlað er að hýsa vinnuadstöðu, og hvern þann stað annan innan lóðar fyrirtækis sem starfsmaður hefur aðgang að í tengslum við vinnu sína.
3. Í reglum þessum merkir *vinnurými* sérhvert rými innan húsnæðis vinnustaðarins þar sem starfsmenn vinna.

2. gr.

Eftirlit, umsagnir og tilkynningarskylda fyrirtækja.

1. Vinnueftirlit ríkisins annast eftirlit með framkvæmd reglna þessara.
2. Áður en nýtt húsnæði er byggt, nýtt húsnæði er tekið í notkun eða eldra húsnæði breytt fyrir starfsemi, sem reglur þessar taka til, ber að leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um það, hvort hin fyrirhugaða starfsemi sé í samræmi við reglur þessar og aðrar reglur sem settar eru samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í því skyni skal eigandi eða fulltrúi hans láta stofnuninni í té sundurliðaða greinargerð, ásamt uppráttum yfir húsakynni, hönnun og fyrirkomulag véla, tækja, innréttinga og annars búnaðar eftir því sem við á hverju sinni.
3. Sérhverja starfsemi, sem reglur þessar ná til skal tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins áður en hún hefst.
4. Vinnueftirlit ríkisins er umsagnaraðili gagnvart byggingayfirvöldum í málum er varða atvinnuhúsnæði. Áður en umsókn um byggingarleyfi er afgreidd í byggingarnefnd skal séð til þess að umsögn Vinnueftirlits ríkisins liggja fyrir um húsnæðið og þá starfsemi sem fyrirhuguð er í því, sbr. ákvæði byggingarreglugerðar.

II. KAFLI

Vinnurými.

3. gr.

Almenn ákvæði.

1. Húsnæði vinnustaða skal innrétta þannig að þar sé sem öruggast og heilsusamlegast starfsumhverfi. Byggingar skulu vera nægjanlega traustar og þannig gerðar að hæfi notkun þeirra.
2. Vinnurými skal skipulagt með hliðsjón af því starfi sem þar á að framkvæma. Allar umferðaleiðir manna og flutningstækja skulu vera greiðar og afmarkaðar. Sömuleiðis skal skipa efni, vörum og flutningstækjum eða öðrum færanlegum vélum á afmarkað eða aðgreint svæði eða rými eftir því sem aðstæður leyfa. Starfsmenn skulu hafa nægjanlegt athafnarými við störf sín án þess að vera á umferðarsvæðum nema eðli starfsins krefjist þess.
3. Vinnurými skal innrétta þannig að gott sé að þrifa það, nýta og halda því við á öruggan hátt.

4. Gengið skal þannig frá pöllum, gryfjum, stigum, handriðum og opum að ekki sé hætta á að starfsfólk eða aðrir geti fallið niður og slasast. Vélum og tækjum skal komið þannig fyrir að af þeim stafi ekki hætta.
5. Á vinnustöðum skal stefnt að því að búnaður sé stillanlegur eftir því sem tæknilegar forsendur leyfa, til að mæta best þörfum einstakra starfsmanna, enda fylgi því ekki umtalsverður kostnaður. Búnað sem í notkun er við gildistöku reglna þessara og ekki uppfyllir þetta skilyrði, má þó nota áfram, enda séu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir heilsutjón.
6. Raflagnir og raftæki skulu vera hönnuð og þannig gerð að ekki stafi af þeim bruna- eða sprengihætta og starfsmenn séu varðir á fullnægjandi hátt gegn óhöppum sem bein eða óbein viðkoma kann að valda.
7. Eftir því sem stærð og notkun bygginga segir til um, svo og búnaður sá sem í þeim er, eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar þeirra efna sem þar eru og sá mannfjöldi sem þar getur mestur orðið, skal á vinnustöðum séð fyrir viðeigandi slökkvibúnaði og þeim reykskynjunar- og viðvörunartækjum sem þörf kann að vera á.

4. gr.

Lofthæð.

1. Lofthæð vinnurýmis skal ekki vera minni en 2,5 m eftir að rýmið er fullfrágengið, sbr. ákvæði byggingarreglugerðar. Lofthæð vinnurýmis skal ávallt vera það mikil að hún hindri ekki starfsemi sem þar fer fram eða skapi hættu.
2. Þar sem búast má við myndun sprengi- eða eldfimra lofttegunda í vinnurýminu skal lofthæð ákvörðuð samkvæmt niðurstöðum brunatæknilegrar hönnunar rýmis, sbr. ákvæði byggingarreglugerðar.
3. Þar sem búast má við að óþægilegur hiti, ryk, eitraðar lofttegundir eða reykur myndist skal gera viðeigandi ráðstafanir, sbr. ákvæði byggingarreglugerðar. Vinnueftirlit ríkisins getur krafist aukinnar lofthæðar í slíkum tilvikum.
4. Þegar um sérstaka loftgerð er að ræða, svo sem netloft, rimlaloft eða annað þess háttar, getur Vinnueftirlit ríkisins veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

5. gr.

Loftrými.

1. Sérhver starfsmaður skal að jafnaði geta notið 12 m³ loftrýmis við störf sín. Lofthæð ofan við 4 m er ekki reiknuð með í rúmtakinu. Þar sem mikill umgangur er skal taka tillit til þess við ákvörðun loftrýmis.
2. Þegar loftrými er mælt skal einungis miða við gólfhlöt þar sem lofthæð er nægileg samkv. 4. gr.
3. Sömuleiðis skal tekið tillit til þess rýmis sem vélar, húsgögn og efni taka. Séu skilyrði sérlega góð getur Vinnueftirlitið veitt leyfi til að nota starfsrými sem er minna en 12 m³ á hvern starfsmann. Loftrýmið má þó aldrei vera minna en 8 m³.
4. Minnsta stærð vinnuherbergis, sem unnið er í að staðaldri meginhluta vinnudags, skal vera 7 m².

6. gr.

Gólf.

1. Almenn gerð og frágangur gólfa skal vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.
2. Gólf og gólfefni í vinnurými skal vera þannig að það hæfi því starfi, sem þar er unnið með tilliti til slits, burðarpöls og hreinsunar.

3. Þar sem ætandi efni eru notuð eða meðhöndluð skal þess gætt að þau rýri ekki burðarþol eða eyðileggi yfirborð gólfa.
4. Þar sem íkveikju- eða sprengihætta stafar af eldfimum efnum skal rafleiðni gólfa vera næg til að forðast megi neistamyndun vegna staðbundinnar rafhleðslu.
5. Gólf skulu rykbundin. Gera skal ráðstafanir til að draga úr hálfu á gólfum þar sem þess gerist þörf. Eftir því sem við verður komið skal gólfflötur eða undirlag, sem staðið er á að staðaldri, ekki vera of hart, til að forðast þreytu.
6. Á gólfum vinnustaða mega ekki vera neinar hættulegar upphækkanir, göt eða hallar og skulu þau vera föst og stöðug.

7. gr.

Veggir og loft.

1. Einangrun lofts og veggja, þar með hljóðeinangrun, skal vera nægjanleg með hliðsjón af vinnunni sem þar fer fram.
2. Yfirborð lofts og veggja skal vera rykbundið og auðvelt að halda hreinu eftir því sem við á.
3. Gagnsærir eða hálf gagnsærir skilveggir, þar á meðal skilveggir sem eru að öllu leyti úr gleri, í vinnuherbergjum, í nágrenni vinnurýma og á leiðum er liggja að þeim eða frá skulu greinilega merktir og gerðir úr óbrothættu efni eða þannig fyrir komið að starfsmenn hvorki rekist á skilveggina né verði fyrir meiðslum ef þeir brotna.
4. Ekki má heimila aðgang að loftum eða þökum gerðum úr efnum sem ekki eru af fullnægjandi styrk nema notaður sé búnaður til þess að þar megi vinna á öruggan hátt.

8. gr.

Dagsbirta og lýsing.

1. Á vinnustöðum skal vera svo mikil dagsbirta sem kostur er. Vinnurými skulu einnig búin nægjanlegri raflýsingu til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna.
2. Þar sem unnið er við dagsbirtu skal vinnurými þannig gert að hún dreifist sem best um það og sé sem jöfnust. Ljósop glugga á veggjum skal að jafnaði vera minnst 10% af gólfleti en á þaki 7%. Hlutfall þetta skal auka ef birtu nýtur illa vegna slæmra skilyrða, svo sem vegna mannvirkja sem standa nærri gluggum vinnurýmis. Þar sem sérstaklega stendur á, svo sem í verslunum, vöruhúsum og frystihúsum, er heimilt að víkja frá þessu ákvæði enda uppfylli húsnæðið önnur skilyrði í reglum þessum.
3. Ef sólarljós veldur of miklum hita, birtu, glampa eða öðrum slæmum vinnuskilyrðum skal gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á því.
4. Við hönnun lýsingar skal höfð hliðsjón af viðurkenndum stöðlum um lýsingarmagn, varmir gegn ofbirtu og aðra þætti er varða öryggi og gott starfsumhverfi.
5. Á vinnustöðum þar sem starfsmönnum er sérstök hættu búin ef rafmagn fer af skal séð fyrir fullnægjandi neyðarlýsingu.
6. Búnaði til lýsingar á vinnustöðum skal komið þannig fyrir að hann valdi starfsmönnum engri slyshættu.
7. Starfsmönnum skal með fullu öryggi unnt að opna glugga, þakljóra og loftræstiop, stilla opnun þeirra og loka þeim. Stilling þeirra má ekki geta valdið starfsmönnum hættu þegar þau eru opin.
8. Gluggum og þakljórum skal komið þannig fyrir að hæfi hreinsibúnaði, eða útbúnir þannig að unnt sé að hreinsa þá án þess það hafi í för með sér hættu fyrir starfsmenn sem það gera eða aðra sem staddir eru í byggingunni eða við hana.

9. gr.

Hitun.

1. Vinnurými skal vera hæfilega hlýtt eftir eðli þeirra starfa sem þar eru unnin.
2. Þar sem kyrrsetustörf eru unnin má telja hæfilegt hitastig 18° til 22°C, en við kyrrstöðu 16° til 18°C nema annars sé krafist vegna framleiðslunnar. Hiti skal vera sem jafnastur um allt vinnurýmið. Sé geislahitun notuð skal tekið tillit til eðlismunar hennar og áhrifa á tilfinningu manna fyrir hitastigi miðað við aðrar hitunaraðferðir.
3. Í rými þar sem mikil hitageislun er frá litlum afmörkuðum svæðum eða hlutum skal koma í veg fyrir að hún valdi óþægindum eftir því sem unnt er, t.d. með hlíf, loftkælingu og/eða loftskiptum. Loftkæling eða loftskipti mega þó ekki valda óþægilegum súg eða loftblæstri.
4. Notkun hitunartækja sem gefa frá sér eitraðar lofttegundir er ekki leyfð í vinnurými nema komið sé fyrir frástreymi gastegunda út úr húsi.
5. Á vinnustöðum, þar sem loft er þurr eða hiti mikill, er æskilegt að starfsfólk hafi aðgang að drykkjarfontum.
6. Leitast skal við að halda hæfilegu rakastigi í vinnurými.
7. Staðsetja ber glugga, þakljóra og skilveggi úr gleri þannig að áhrifa sólskins gæti ekki í of miklu mæli á vinnustað með hliðsjón af eðli starfseminnar og vinnustaðarins.

10. gr.

Loftræsting.

1. Þegar húsrými fyrirtækis er hannað, skal gera ráð fyrir loftræstingu, sem þar kann að þurfa, svo að stokkum, lögnum og vélum, sem til þess þarf, verði komið fyrir á þeim stöðum sem best hentar. Þar sem margt fólk starfar og mikill hiti eða annað veldur breytingu á andrúmslofti eða umhverfi skal auka endurnýjun andrúmsloftsins með vélsogstækjum ef opnanlegir gluggar geta ekki annað nægilegum loftskiptum. Loftræstingu skal hanna þannig að súgur verði svo lítill sem kostur er.
2. Innanhússtörf, sem valda óhollustu, loftmengun, eldfimri eða sprengifimri loftblöndu, skulu aðeins framkvæmd þar sem unnt er að hreinsa loftið eða loftræsta þannig að mengaða loftið sé sogað burt frá þeim stað sem það myndast og til þess séð að það berist ekki inn í vinnurými aftur.
3. Hávaði vegna vélrænnar loftræstingar skal vera svo lítill sem verða má.
4. Lofthreinsibúnaður skal hreinsaður reglulega samkvæmt fyrirmælum framleiðanda og fylgst með því að hann vinni eðlilega.
5. Áður en Vinnueftirlitið samþykkir loftræstibúnað getur það krafist þess að sýnt sé fram á nægileg afköst hans.

11. gr.

Hávaði.

1. Byggingar skulu þannig hannaðar að hávaði, sem í þeim kann að myndast vegna starfsemi, berist sem minnst um þær eða umhverfi þeirra.
2. Þess skal gætt að hávaðamyndun verði ekki meiri en óhjákvæmilegt er vegna þeirra starfa sem unnin eru í húsnæðinu. Vélar eða störf, sem valda skaðlegum hávaða, skal einangra frá umhverfi sínu.
3. Að öðru leyti vísast til reglna um hávaðavarnir.

12. gr.

Kjallararými.

1. Vinnustaðir mega vera í kjöllum ef fullnægt er kröfum þessara reglna, sbr. 3. mgr. þessarar greinar. Sérstök áhersla skal lögð á rakavörn í slíku húsnæði.
2. Sé kjallararými ekki með opnanlegum gluggum skal séð fyrir svo góðri loftræstingu að hvorki skapist raki, óloft né súgur sem veldur óþægindum.
3. Vinnurými, sem er dýpra en 1 m undir jarðlínu skal ekki leyft til neinnar starfsemi nema könnun hafi sýnt að það sé fullnægjandi.
4. Meðferð hættulegra efna, svo sem lífrænna leysiefna eða efna sem eldhætta stafar af, er bönnuð í kjallararými. Sama gildir um vinnustaði þar sem vatnsgufa eða eimur myndast. Eimkatla með margfeldi heildarrúmtaks í m^3 og yfirþrýstings í kp/cm^2 , sem er meira en 8 og heitavatnskatla eða geyma með $120^\circ C$ heitum legi, má ekki nota í kjöllum, sem unnið er í og dýpri eru en 1 m undir jarðlínu.
5. Vinnueftirlit ríkisins getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

III. KAFLI

Starfsmannarými.

13. gr.

Skilgreiningar.

Starfsmannarými er notað í reglum þessum sem samheiti fyrir:

- A. Búningsherbergi og fatahengi.
- B. Snyrtiherbergi, salerni og þvagstæði.
- C. Þvotta- og baðklefa.
- D. Kaffi- eða matstofur.

A. Búningsherbergi og fatahengi.

14. gr.

Almenn ákvæði.

1. Búningsherbergi skal valinn hentugur staður með hliðsjón af vinnustað og þvotta- og baðklefa.
2. Búningsherbergi mega vera í kjallara ef hann er þurr, rakalaus og vel einangraður enda fullnægi búningsherbergin að öðru leyti ákvæðum þessa kafla.
3. Nái starfsemin yfir mikið flatarsvæði, eða sé í tveimur eða fleiri húsum, skal búningsherbergjum, snyrtiherbergum eða matsölum komið fyrir sem næst miðsvæðis nema hvert hús eða álma hafi sérstakt starfsmannarými.
4. Þar sem karlar og konur starfa skulu búningsherbergi aðskilin á fullnægjandi hátt.
5. Þar sem vinnufatnaður óhreinast verulega vegna vinnunnar skal vera hægt að hengja göngufatnað í eitt hengi og vinnufatnað í annað aðgreint hengi. Vot vinnuföt skal vera hægt að þurrka þar eða skammt þar frá. Allt starfsmannarými skal vel og reglulega þrifið.

15. gr.

Gólfplatarmál og lofthæð.

Í búningsherbergi skal fyrir hvern mann vera minnst $0,6 m^2$ gólfplötur að meðtöldum fleti fyrir skáp. Lofthæð skal vera minnst 2,5 m.

16. gr.

Gerð gólfa.

1. Gólf, sem liggja á jörð eða eru yfir óupphituðu rými, skulu einangruð nægjanlega gegn kulda og raka.

2. Gólfum skal vera auðvelt að halda hreinum og skal séð fyrir því eftir föngum að þau verði ekki of hál, einkum ef þar er komið fyrir handlaugum eða öðrum búnaði sem vatn getur runnið frá, enda skal þá vera niðurfal og hæfilegur vatnshalli á gólfinu til niðurfallsins.

17. gr.

Veggir og loft.

Veggir og loft skulu vera nægjanlega einangruð gegn kulda, raka og hávaða eftir því sem við getur átt og unnt er. Veggir og loft skulu vera þannig að auðvelt sé að halda þeim hreinum og í góðu ástandi.

18. gr.

Lýsing, hitun og loftræsting.

1. Æskilegt er að dagsbirtu njóti sem mest í búningsherbergjum og þar skal vera fullnægjandi raflýsing.
2. Búningsherbergi skal vera hitað og loftræst á fullnægjandi hátt.

19. gr.

Innrétting.

1. Við alla skipan innanstokks skal þess gætt að þrif og viðhald búningsherbergis séu auðveld.
2. Í búningsherbergi skal vera einn klæðaskápur fyrir hvern starfsmann. Fjarlægðin milli andstæðra skápa og andstæðra handlauga skal vera minnst 1,2 m, en fjarlægð milli skápa og andstæðs veggjar skal vera minnst 1 m. Fjarlægðir þessar skulu hvor um sig lengjast í 1,5 og 1,2 m ef skápar eða handlaugar eru fleiri en 20 í röð. Gera má meiri kröfur um fjarlægðir þessar ef vinna er óþrifaleg.
3. Þar sem aðeins þarf að hengja yfirhafnir skal ætla hverjum starfsmanni að minnsta kosti 0,2 m stangarlengd í fatahengi eða skáp.
4. Við starfsemi þar sem halda þarf göngufatnaði og vinnufötum aðskyldum skal þeirri kröfu t.d. fullnægt með því að hafa tvo skápa í búningsherbergjum fyrir hvern starfsmann (einn fyrir göngufatnað og annan fyrir vinnuföt) eða hafa einn skáp í búningsherbergi fyrir hvern starfsmann (til geymslu göngufata) ásamt sameiginlegu fatahengi fyrir vinnufatnað eða með því að tvískipta búningsherbergi þannig að annars vegar séu gönguföt og hins vegar vinnuföt.
5. Í sérstökum tilvikum er heimilt að viðurkenna fatahengi í stað skápa.
6. Þar sem starfsmenn hafa einungis aðgang að fatahengi getur Vinnueftirlit ríkisins krafist þess að jafnframt séu læstar hirslur þar sem starfsmenn geta geymt verðmæti.

20. gr.

Gerð og búnaður.

1. Skápar skulu gerðir úr hentugu efni sem gott er að þrifa. Þeir skulu vera með loftræstipum að ofan og neðan og með hillu. Stærð skápanna skal vera minnst 0,5 x 0,3 m, að þverflatarmáli. Fjarlægð milli hillu og botns skal vera minnst 1,5 m, en milli hillu og lofts minnst 0,2 m að framan og loftið helst með 20° til 30° halla upp að bakhlið frá framhlið skáps, ef hann nær ekki til lofts í herbergi. Skáparnir skulu vera læsanlegir.
2. Í fatahengjum með stöng fyrir herðatré skal ætla minnst 0,3 m fyrir hvern starfsmann.
3. Í búningsherbergjum skal að jafnaði vera bekkur eða bekkir, speglar og ruslatrog eða fata.

B. Snyrtiherbergi, salerni og þvagstæði.

21. gr.

Almenn ákvæði.

1. Greiður aðgangur skal vera að salerni og snyrtingu, þó ekki þannig að beint samband sé við matsal eða vinnurými.
2. Á vinnustöðum skulu einungis notuð vatnssalerni.

22. gr.

Salernafjöldi.

1. Þar sem að staðaldri starfa fleiri en 5 karlar og 5 konur skulu salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind.
2. Að jafnaði skal vera minnst eitt salerni fyrir allt að 15 manns en miða skal þó við eftirfarandi meginreglur um fjölda salerna, þvagstæða og handlauga:

Fjöldi starfsfólks	Fjöldi salerna	Fjöldi handlauga
Konur		
1-15	1	1
16-30	2	1
31-50	3	2
51-75	4	2
76-100	5	3

Síðan er eitt salerni og handlaug fyrir hverja 25 starfsmenn til viðbótar.

Fjöldi starfsfólks	Fjöldi salerna	Fjöldi þvagst.	Fjöldi handl.
Karlar			
1-20	1	1	1
21-30	2	1	2
31-45	2	2	2
46-60	3	2	2
61-75	3	3	3
67-90	4	3	3
91-100	4	4	4

Síðan eitt salerni, eitt þvagstæði og ein handlaug fyrir hverja 25 starfsmenn til viðbótar.

3. Á þjónustustöðum, þar sem gert er ráð fyrir aðgangi annarra en starfsmanna að snyrtiaðstöðu skal sú aðstaða að jafnaði vera aðskilin frá snyrtiaðstöðu starfsmanna.

23. gr.

Veggir, loft og gólf.

1. Veggir milli snyrtiherbergja og aðliggjandi vinnustaða eða matstofu skulu vera nægjanlega einangraðir gegn kulda, lykt og hávaða.
2. Hæð veggja og hurða salerna frá gólfi má ekki vera minni en 0,15 m og ekki meira en 0,3 m þar sem veggir eða hurðir ná ekki niður á gólf. Vegghæð frá gólfi skal ekki vera minni en 2,0 m. Veggir milli salerna karla og kvenna skulu vera heilir frá gólfi til lofts.
3. Veggi og loft skal vera auðvelt að þrifa og halda við.
4. Gólfhlötu salernisklefa skal minnst vera 1,2 m² og lofthæð 2,5 m. Sé um hallandi loft að ræða getur Vinnueftirlit ríkisins leyft að meðallofthæð sé 2,2 m, en þó má minnsta lofthæð yfir salerni ekki vera minni en 1,6 m.

5. Gólf má ekki vera hált. Það skal vera vatnshelt og auðvelt að þrifa. Sama máli gegnir um veggj við þvagskálar og handlaugar.

24. gr.

Lýsing, hitun og loftræsting.

1. Raflýsing skal vera fullnægjandi. Æskilegt er að dagsbirtu njóti þar sem því verður við komið.
2. Hitun skal vera fullnægjandi.
3. Salerni skal loftræst á vélrænan hátt ef loftræsting verður á annan hátt ónóg. Þar sem því verður við komið skal gera ráð fyrir opnanlegum gluggum í útvegg.

25. gr.

Búnaður.

1. Salernispappír skal vera á þar til gerðum haldara.
2. Handlaug og sápa skulu vera annað hvort í salernisklefa eða forrými. Þar skulu vera einnota handþurrkur úr pappír eða handklæðarúllur í þar til gerðum höldurum eða blástursþurrkur.

C. Þvotta- og baðklefar.

26. gr.

Fjöldi handlauga og steypibaða.

1. Að jafnaði skal vera ein handlaug fyrir hverja 5 starfsmenn.
2. Sé vinna óþrífaleg eða valdi verulegri óhreinkun eða óhollustu skal tekið tillit til þess við ákvörðun fjölda handlauga.
3. Við störf, sem ekki valda óhreinindum, skal hafa minnst eina handlaug fyrir hverja 10 starfsmenn.
4. Handlaug, sem komið er fyrir á salerni eða í lokuðu forrými að því, reiknast ekki með tölu handlauga fyrir þvotta- og baðklefa. Sé handlaugum hins vegar þannig fyrir komið að greiður aðgangur sé að þeim bæði úr snyrti- og þvottaaðstöðu geta þær samnýst.
5. Þar sem menn þurfa steypibað vegna þess að þeir óhreinast eða svitna við störf sín skal vera minnst eitt steypibað fyrir hverja 5 menn.

27. gr.

Gólf, veggir og loft.

1. Stærð gólfplatnar skal vera í samræmi við ákvæði 29. gr. um innréttingu og búnað.
2. Lofthæð skal minnst vera 2,5 m.
3. Gólf, veggir og loft skulu að öðru leyti vera samkvæmt ákvæðum 16. og 17. gr.

28. gr.

Lýsing, hitun og loftræsting.

1. Raflýsing skal vera fullnægjandi. Æskilegt er að dagsbirtu njóti þar sem því verður við komið.
2. Hitun skal vera fullnægjandi.
3. Loftræsting skal vera um glugga eða með vélbúnaði sem ekki veldur teljandi hávaða eða óþægilegum súg.
4. Allur rafbúnaður skal vera í samræmi við gildandi reglur um rafbúnað í húsnæði þar sem gufa og vatnsagi er.

29. gr.

Innrétting og búnaður.

1. Sérhvert þvottastæði við handlaug skal vera minnst 0,6 m á breidd. Fjarlægð milli andstæðra handlauga og fjarlægð handlauga og andstæðs veggjar skal vera í samræmi við ákvæði 19. gr.
2. Við handlaugar skal tengt heitt og kalt vatn í blöndunartæki. Frárennsli frá handlaug til niðurfalls skal vera lokað.
3. Í baðherbergi skal vera niðurfall, en gólfhali eða gerð gólfs þó ekki þannig að hætta sé á að menn renni eða detti af þeim sökum.
4. Framan við steypiböð skal vera aðstaða til að þurrka sér. Hita baðvatns skal vera hægt að stilla hverjum til hæfis.
5. Í þvotta- og baðklefum skal vera spegill, snagi, sápa og sápuskál.
6. Innangengt skal vera milli baðherbergis og búningsherbergis.

30. gr.

Kjallararými.

Kjallararými má nota undir þvotta- og baðklefa, enda fullnægi það að öðru leyti skilyrðum reglna þessara.

D. Kaffi- eða matstofur.

31. gr.

Almenn ákvæði.

1. Á vinnustöðum þar sem matar eða drykkjar er neytt að staðaldri skal kaffi- eða matstofa vera í sérstöku rými sem ekki er notað í öðrum ósamræmanlegum tilgangi.
2. Á fámennum vinnustöðum má innréttu kaffi- eða matstofu án þess að um sérstakt herbergi sé að ræða, enda gæti þar ekki óþrifa eða mengunar.
3. Í matstofu skal starfsmaður bæði geta matast og hvílst frá vinnu sinni. Matstofa skal því vera björt, þægilega skipulögð og snyrtileg í alla staði. Handlaugar skulu vera á aðgengilegum stað framan við matstofu. Sé langt á milli vinnurýmis og matstofu skal fatahengi komið fyrir við hana svo og salerni, sbr. ákvæði um snyrtiherbergi.

32. gr.

Gólfflatarmál, lofthæð.

Lágmark gólfflatarmáls skal vera 1,2 m² fyrir hvern mann. Hæð undir loft skal vera minnst 2,5 m. Sé loftið hallandi má þó reikna með þeim gólfleti þar sem hærra er til lofts en 2,2 m.

33. gr.

Gerð gólfa, veggja og lofta.

Gólf, loft og veggir skulu gerð úr efni sem auðvelt er að þrifa. Þau skulu vera einangruð þar sem þess gerist þörf.

34. gr.

Lýsing, hitun og loftræsting.

1. Lýsing skal vera fullnægjandi.
2. Hitun skal vera sú sama og við kyrrsetustörf og jafnframt þannig, að meirihluta starfsfólksins finnist hún sem þægilegust.
3. Loftræsting skal vera fullnægjandi um opnanlegan glugga eða á annan hátt.

35. gr.

Búnaður.

1. Borð skulu vera hæfilega há og nægjanlega mörg svo allir, sem eiga matarhlé saman, geti matast samtímis án sérstakra óþæginda vegna þrengsla. Sæti ber að hafa af rétttri hæð og með góðum bakstuðningi.
2. Alla hluti innanstokks skal vera auðvelt að þrifa. Þeir skulu vera áferðarsléttir og ekki með raufum sem safnað geta óhreinindum.
3. Eldhús og búnaður þess skal vera aðgengilegt, en þó aðgreint frá matsal þar sem því verður við komið. Búnaður og aðstaða til geymslu matvæla, matargerðar og hreinsunar mataríláta og borðbúnaðar skal vera með þeim hætti að gætt sé hreinlætis og hollustuhátta í hvívetna.

36. gr.

Kjallarárými.

Sé kjallarárými notað fyrir matstofur skulu gerðar sömu kröfur til þess og gerðar eru til starfsmannaráymis ofanjarðar.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Útgönguleiðir og neyðarútgangar.

1. Sérhver innanhússvinnustaður skal vera þannig gerður að frá honum verði komist á greiðan hátt ef eld, jarðskjálfta, útstreymi eiturgufa, gufusprengingu eða annan voða ber að höndum.
2. Með innanhússvinnustað er hér átt við allar vistarverur starfsfólks, ganga, svalir og stiga, sem eru í tengslum við vinnustaðinn, auk vinnurýmisins sjálfs.
3. Allir gangar, stigar, forrými og önnur rými, sem nota má til útgöngu skulu ávallt vera greiðfær og hindrunarlaus og jafnframt vel merkt. Farið skal eftir löglegri lágmarksbreidd og hæð skv. byggingar- og brunamála-reglugerðum. Þar sem margt fólk starfar skal það jafnframt haft í huga að allir geti komist út á sem skemmstum tíma ef þörf krefur.
4. Neyðarhurðir skulu opnast út. Óheimilt er að nota rennihurðir eða snúningshurðir í dyr sem sérstaklega eru ætlaðar til neyðarútgöngu. Óheimilt er að læsa neyðarhurð eða festa hana þannig að hún verði ekki auðveldlega og tafarlaust opnuð af hverjum þeim sem nota þarf hana í neyð.
5. Auðkenna skal sérstaklega undankomuleiðir og neyðarútganga með skiltum.
6. Þar sem lýsingar er þörf í neyðarútgöngum og á undankomuleiðum skal vera fullnægjandi neyðarlýsing ef straumlaust verður.
7. Þeir sem starfa tímabundið við þrönga og erfiða vinnuáðstöðu, t.d. í geymi eða kjallarárými með ógreiðfærri uppgönguleið, skulu ávallt njóta gæslu annarra starfsmanna og hjálpargagna eða tækja eftir því sem við getur átt til að greiða fyrir upp- eða útgöngu þaðan.

38. gr.

Hvíldaraðstaða, sjúkrastofur.

1. Ef nauðsynlegt er með tilliti til heilsu og öryggis starfsmanna, vegna eðlis starfsins eða óvenjulegra aðstæðna, svo sem hita eða kulda, skal veita þeim afnot af hvíldaraðstöðu sem er nægjanlega stór, búin stólum eða bekkjum og hæfilega innréttuð að öðru leyti. Heimilt er að nota mat- eða kaffistofu í þessum tilgangi uppfylli þær framangreind skilyrði.

2. Ef starfið krefst þess, svo sem þegar starfsmenn hafa viðveruskyldu á bakvöktum, skal veita þeim aðgang að hvíldaraðstöðu með svefnaðstöðu, sem ekki er notuð samtímis í öðrum tilgangi.
3. Veita skal þunguðum konum og konum með börn á brjósti kost á að leggjast til hvíldar við viðeigandi aðstæður.
4. Ef stærð vinnustaðar, tegund starfemi og slysatíðni krefjast þess skal sjá fyrir sjúkrastofu til að veita slösuðum skyndihjálp.
5. Á sjúkrastofunni skulu vera nauðsynleg tæki og búnaður til að veita skyndihjálp og skal aðgangur að þeim með sjúkrabörur vera greiður.
6. Einnig skal búnaður til að veita slösuðum skyndihjálp vera alls staðar tiltækur þar sem þess er þörf vegna aðstæðna á vinnustað.

39. gr.

Umferðarleiðir-hættusvæði.

1. Umferðarleiðir, þar með talið innbyggðir eða fastir stigar, hlaðstæði og -pallar, skal staðsetja og útbúa þannig að fótgangendur og ökutæki megi nota þær vandkvæðalaust, með fullu öryggi og á þann hátt sem tilgangur þeirra segir til um og þannig að starfsmönnum sem eru við vinnu í grennd við þær stafi ekki hætta af.
2. Rými á umferðarleiðum fyrir fótgangendur og flutning á vörum skal vera í samræmi við fjölda hugsanlegra notenda og þá starfsemi sem stunduð er.
Ef flutningatæki eru notuð á umferðarleiðum skal séð til þess að fótgangendur hafi fullnægjandi öryggisrými.
3. Umferðarleiðir fyrir ökutæki skulu vera í hæfilegri fjarlægð frá hurðum, hliðum, leiðum fyrir fótgangendur, göngum og stigum.
4. Umferðarleiðir skulu greinilega merktar ef öryggi starfsmanna krefst þess vegna notkunar á herbergjum eða búnaði sem í þeim er.
5. Ef hættusvæði er á vinnustöðum þar sem starfsmenn geta hrasað eða hlutir fallið vegna þess hvernig vinnu er háttáð skal afgirða þau eins og unnt er til að koma í veg fyrir aðgang óviðkomandi starfsmanna. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að vernda þá starfsmenn sem hafa aðgang að slíkum hættusvæðum. Hættusvæðin skulu greinilega merkt.
6. Rennistigar og rennigangvegir skulu starfa þannig að fulls öryggis sé gætt. Á þeim skal hafður nauðsynlegur öryggisbúnaður. Þeir skulu búnir neyðarbúnaði til stöðvunar, sem er auðþekkjanlegur og auðvelt að komast að.

40. gr.

Hlaðstæði og -pallar.

1. Hlaðstæði og -pallar skulu henta fyrir varning af þeirri stærð sem flytja skal.
2. Á hlaðstæðum skal vera að minnsta kosti einn útgangur.
3. Hlaðpallar skulu eftir því sem unnt er vera þannig að starfsmenn geti ekki fallið af þeim.

41. gr.

Vinnustaðir utanhúss.

1. Vinnustaðir, umferðarleiðir, aðrir staðir eða mannvirki undir beru lofti þar sem starfsmenn eru staddir vegna vinnu sinnar skulu skipulögð þannig að ekki stafi af hætta fyrir umferð fótgangenda eða ökutækja.
2. Vinnustaðir utanhúss skulu lýstir á fullnægjandi hátt ef dagsbirta er ekki nægjanleg.

3. Er starfsmenn vinna utanhúss skal vinnustaðurinn eins og kostur er skipulagður á þann hátt að:

- a. þeir séu í skjóli fyrir veðrum og ef með þarf varðir fyrir hlutum sem falla,
- b. þeir verði ekki fyrir áhrifum af svo miklum hávaða að valdið geti heilsutjóni, eða fyrir öðrum skaðlegum utanaðkomandi áhrifum, svo sem af lofttegundum, gufum eða ryki,
- c. þeir geti yfirgefið vinnustaðinn í skyndingu ef hætta kemur upp, eða að unnt sé að veita þeim aðstoð í skyndingu,
- d. þeir renni ekki til eða detti.

42. gr.

Fatlaðir starfsmenn.

Þar sem við á skal skipuleggja vinnustaðinn þannig að tillit sé tekið til fatlaðra starfsmanna. Þetta ákvæði gildir sérstaklega um dyr, ganga, stiga, baðklefa, handlaugar, salerni, og vinnustaði sem fatlaðir starfsmenn vinna við eða nota sjálfir.

43. gr.

Ræstiklefi.

Í tengslum við hvern vinnustað skal gera ráð fyrir sérstöku rými, þar sem nauðsynlegum búnaði fyrir ræstingu er komið fyrir, þannig að tryggt verði að ræstingin fari fram á sem öruggastan og heilsusamlegastan hátt. Ef húsnæði vinnustaða er á fleiri en einni hæð og ekki er aðgengi að lyftu skal gera ráð fyrir sérstöku rými á hverri hæð, þar sem nauðsynlegum búnaði er komið fyrir, sé slíkt nauðsynlegt til þess að ekki þurfi að bera þunga hluti milli hæða.

44. gr.

Hurðir og hlið.

1. Staðsetning og fjöldi hurða og hliða, stærðir þeirra og efni í þeim skal miða við eðli og notkun viðkomandi herbergja eða svæða.
2. Gagnsæjar hurðir skulu merktar á viðeigandi hátt í hæfilegri hæð.
3. Snúningshurðir og hlið skulu vera gagnsæ eða með gagnsæjum spjöldum.
4. Ef gagnsær eða hálf gagnsær fletir hurða eða hliða eru ekki gerðir úr sérstöku öryggisefni og starfsmönnum getur stafað hætta af skellist hurð eða hlið, skal verja þessa fleti gegn broti.
5. Á rennihurðum skal vera öryggisbúnaður sem kemur í veg fyrir að þær losni af spori og falli niður.
6. Lúgur sem opnast upp á við skulu útbúnar þannig að þær geti ekki fallið til baka.
7. Sé ekki örugg leið fyrir fótgangendur um hlið sem aðallega eru ætluð fyrir umferð ökutækja skulu vera við þau greinilega merktar hurðir fyrir fótgangendur, sem umgangur er ávallt óhindraður um.
8. Hurðir og hlið sem lokuð eru með vélrænum búnaði skulu vinna þannig að starfsmönnum stafi ekki hætta af. Á slíkum hurðum og hliðum skal séð fyrir neyðarbúnaði til stöðvunar sem er auðþekkjanlegur og auðvelt að komast að, og ef ekki er hægt að opna sjálfvirk ef straumlaust verður skal einnig unnt að opna þau handvirk.

V. KAFLI

45. gr.

Áfrýjun úrskurða.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

VI. KAFLI

46. gr.

Undanþágur.

1. Vinnueftirlit ríkisins getur veitt undanþágur frá einstökum ákvæðum reglna þessara þegar um er að ræða hús sem friðuð eru samkvæmt þjóðminjalögum, eldra húsnæði sem ekki er unnt að breyta án verulegs tilkostnaðar og hluta annars húsnæðis þegar hann er notaður í mjög takmarkaðan tíma og sérstakar ástæður mæla með undanþágu.
2. Sækja þarf skriflega um undanþágur samkvæmt þessari grein.

VII. KAFLI

47. gr.

Refsiákvæði.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

48. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38., 43. og 44. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun 89/654 í XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Reglurnar staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1996. Jafnframt falla úr gildi reglur fyrir nýtt húsnæði nr. 493/1987 um húsnæði vinnustaða, en þær reglur gilda þó um eldra húsnæði til 1. janúar 1999. Vinnustaðir, sem eru í notkun við gildistöku þessara reglna, skulu lagfærðir innan þriggja ára eins og kostur er, þannig að þeir fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru í þessum reglum.

Þá falla úr gildi breytingar nr. 430/1992 við reglur nr. 493/1987 um húsnæði vinnustaða. Enn fremur falla úr gildi reglur nr. 225/1975 um húsnæði vinnustaða. Ákvæði V. kafla reglna nr. 493/1987 um flytjanlegt starfsmannahúsnæði sem notað er í þéttbýli gilda þar til nýjar reglur taka gildi um slíkt húsnæði.

Félagsmálaráðuneytið, 1. nóvember 1995.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

*Gylfi Kristinsson.***REGLUGERÐ****um skráningu og útgáfu markaðsleyfa samhliða lyfja.****1. Skýringar.**

1. gr.

Samhliða lyf. Samhliða lyf er sérlyf, sem hefur markaðsleyfi í öðru landi sem er aðili að EES-samningnum, og er flutt þaðan til Íslands en viðkomandi sérlyf frá sama fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypu er þegar skráð og hefur markaðsleyfi hér á landi. Áður en samhliða lyf